

# Stefna Samfylkingarinnar á Akureyri

Fyrir bæjarstjórnarkosningar 31. maí 2014

Birt 14. maí 2014



Kynning á frambjóðendum er á [heimasíðu okkar](#)

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fjármál, stjórnun og rekstur	3
Akureyrarbær sem vinnustaður - bærinn okkar allra	4
Akureyri fyrir börn og ungmenni	5
Velferð barna og ungmenna er forgangsmál	6
Skólar, tómstundastarf og íþróttir	7
Húsnæðismál	12
Skemmtilegur og grænn bær - lífsgæði fyrir framtíðina	13
Mannréttindi og jafnrétti	15
Akureyri á að standa með þeim sem þurfa á stuðningi að halda	16
Heimurinn er hér - styrkjum margbreytileikann	16
Menning og skapandi greinar	17
Akureyri á að vera skapandi atvinnubær á öllum sviðum	19
Akureyri - bær þar sem er gott að eldast	21

## Inngangur

Í þessu skjali er stefna Samfylkingarinnar á Akureyri fyrir bæjarstjórnarkosningarnar árið 2014 birt. Stefnan er sett hér fram sem heild en mun jafnframt birtast á heimasíðu flokksins <http://skemmtilegri.xsakureyri.is/>. Þar verður stefnan sett fram eftir málaflokkum og út frá helstu áherslum.

Stefnumótunarvinnan fór fram í apríl og í maí með þátttöku frambjóðenda, stjórnarmanna og öðrum áhugasömum. Að leiðarljósi er jafnaðarstefna Samfylkingarinnar ásamt því að tryggja hagsmuni bæjarbúa og bæjarfélagsins.

## Fjármál, stjórnun og rekstur

Mikilvægt að stöðuleiki verði í rekstri bæjarins og tækifæri til að auka tekjur verði nýtt með aðkomu Akureyrarstofu, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og atvinnumálafulltrúa bæjarins.

Skila þarf til baka þeim niðurskurði sem farið hefur verið í síðan 2008 og bitnað hefur á grunnþjónustunni.

Samið verði við ríkið um nýjan samning um rekstur heilsugæslunnar og tryggt að bærinn fái það fjármagn sem þarf til að heilsugæslan geti veitt þá þjónustu sem henni er ætlað samkvæmt lögum.

Vinna í anda kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar og gefa sérstaklega gaum atriðum sem snúa að jöfnuði bæjarbúa.

Efla þarf hverfisnefndir og -ráð og gefa þeim aukið vægi. Þær fái ákveðna upphæð til framkvæmda og fegrunar í hverfinu. Haldnir verði fjórir fundir á ári þar sem samráð fer fram með starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Efla þarf íbúalyðræði.

Setja upp vef/gátt á heimasíðu Akureyrarbæjar þar sem fólk getur komið með fyrirspurnir og hægt að setja upp kosningar á netinu í verkefnum er snúa að ákveðnum verkefnum. Þróa bestu leiðir til að auka aðgengi að þjónustu og upplýsingum bæjarins í gegnum öpp og snjalltæki.

Stærri mál verði kynnt á opnum íbúafundum og bæjarbúum gefinn kostur á að skila inn athugasemdum og þeim verði svarað.

Þjónustuandynri Ráðhússins verði styrkt þannig að þangað sé hægt að leita til þess að fá upplýsingar um þjónustu á vegum bæjarins og kröfur sem gerðar eru t.d. til framkvæmda. Íbúum verði boðið upp á að senda inn rafrænar fyrirspurnir.

Við ætlum að:

- ✓ Ástunda ábyrgja fjármálastjórn og lækka skuldir.
- ✓ Byggja upp rafræna gagnagátt með upplýsingum er varða þjónustu við íbúa og bæinn þar sem hægt verður að fylgjast með ferli mála
- ✓ Þróa heimasíðu Akureyrarbæjar og tryggja virka þátttöku bæjarstjóra og kjörinna fulltrúa á rafrænum vettvangi, m.a. með mánaðarlegu vefspjalli bæjarfulltrúa og bæjarstjóra. Hefðbundnir viðtalstímar bæjarfulltrúa verða áfram.
- ✓ Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar hitti hverfisnefndir og -ráð með reglulegum hætti í ráðhúsinu.

## Akureyrarbær sem vinnustaður - bærinn okkar allra

Akureyrarbær er stór vinnuveitandi og starfsfólk bæjarins vinnur ýmis fjölbreytt störf í þágu íbúanna. Mannauðurinn er okkar fjársjóður og mikilvægt er að móta markvissa stefnu til að gera Akureyrarbæ að eftirsóknarverðum starfsvettvangi.

Það þarf að:

- ✓ Gera vinnustaðaúttektir á sviðum og deildum bæjarins með áherslu á hvernig bærinn stendur sig sem vinnuveitandi.
- ✓ Skoða sérstaklega hvaða áhrif margra ára niðurskurðar hjá stofnunum bæjarins hefur haft m.a. í öldrunarþjónustunni og í grunn- og leikskólum.
- ✓ Tryggja að faglega sé staðið að ráðningum.
- ✓ Fjölga störfum innan þjónustustofnana s.s. skólum og öldrunarþjónustu, þar sem gengið var of hart fram við niðurskurð í kjölfar hruns.
- ✓ Auka faglegan stuðning við starfsmenn Akureyrarbæjar með náinni samvinnu fagstétta.
- ✓ Gæta launajafnréttis og að laun starfsmanna Akureyrarbæjar séu samkeppnishæf við viðmiðunarstéttir.
- ✓ Meta til launa verðmæti menntunar og reynslu sem einstaklingar hafa aflað sér.

## Akureyri fyrir börn og ungmenni

Eitt mikilvægasta verkefni okkar er að tryggja velferð barna og unglunga. Akureyri á umfram allt að vera barnvænt samfélag en það gerist ekki af sjálfu sér.

Öll börn eiga að hafa jöfn tækifæri til að rækta hæfileika sína. Til þess þurfa þau góð uppvaxtarskilyrði og foreldrarnir þurfa góðar aðstæður til að sinna uppeldinu. Til að bæta stöðu barna og barnafjölskyldna á Akureyri ætlum við að:

- ✓ Hækka frístundastyrk bæjarins í a.m.k. 25.000,- krónur á kjörtímabilinu. Styrkurinn nái til barna þar til þau hafa náð 18 ára aldri.
- ✓ Veita íþrótt- og tómstundafélögum meiri fjármuni til rekstrar innra starfs eftir niðurskurð undanfarinna ára.
- ✓ Þróa systkynaaflátt þannig að hann verði óháður íþróttafélagi eða tómstundarstarfi.
- ✓ Stytta vinnudag barna með samþættingu frístunda- og skólastarfs og stuðla þannig að fleiri samverustundum fjölskyldna.
- ✓ Gera úttekt á náms- og vinnuaðstæðum nemenda í leik- og grunnskólum m.a. með tilliti til hljóðvistar.
- ✓ Tryggja að ódýrar og hollar skólamáltíðir standi leik- og grunnskólabörnum til boða óháð efnahag.
- ✓ Þróa og koma á fót nýju og gjörbreyttu leiðarkerfi strætó. Þar verði tíðni stóraukin og leiðarkerfið miðað við þarfir barna og unglunga.
- ✓ Gera foreldrum kleift að minnka skutlið með nýju strætókerfi sem tekur mið af skólum, framhaldsskólum og íþróttasvæðum.
- ✓ Beita okkur fyrir því að áfram verði frítt í stætó.
- ✓ Leita leiða til að foreldrum standi til boða ráðgjöf og foreldrafræðsla sem taki mið af ólíkum þörfum og aldurs skeiðum barna.
- ✓ Semja við íþróttafélögin um að taka að sér íþróttæfingar ungs fólks sem hefur áhuga á að hreyfa sig án þess að tilgangurinn sé keppnismiðaður.
- ✓ Gera átak til að tryggja aukna virkni barna af erlendum uppruna í íþrótt- og frístundastarfi.
- ✓ Þróa vinnuskóla í samvinnu við VMA, MA, verklyðsfélög, stofnanir og fyrirtæki í bænum. Unglingum verði gert kleift að sinna hluta af vinnuskólanum í námi og gera hjálpa þeim þannig að finna áhugasvið sitt og búa þau betur undir framtíðina.

- ✓ Útfæra hugmyndina um skapandi sumarstörf á þann hátt að þau nýtist líka íþróttafólki.
- ✓ Auka samstarf framhaldsskóla og efsta stigs grunnskólans og koma til móts við þá nemendur sem geta nýtt sér sveigjanleg skil á milli skólastiganna.
- ✓ Styðja vel við barnafjölskyldur þannig að þær geti treyst því að sveitarfélagið sé samkeppnishæft þegar kemur að þjónustu.
- ✓ Taka markviss skref til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og þar til börn komast inn á leikskóla. Við ætlum að fjölga leikskólarýmum fyrir fjölskyldur með ung börn
- ✓ Leggja áherslu á fjölbreytta valkosti fyrir yngstu börnin.

## Velferð barna og ungmenna er forgangsmál

Velferð barna og ungmenna er best tryggð með því að laga kerfið að barninu, en ekki barnið að kerfinu.

### Aukin samvinna fagstétta með umboðsmanni barna/Ungmennamiðstöð

Til að koma til móts við þann hóp nemenda sem á í persónulegum vanda t.d. vegna kvíða, þunglyndis, félagslegra aðstæðna, fátæktar eða neyslu munum við setja á fót umboðsmann fyrir ungmenni/Ungmennamiðstöð sem yrði þverfaglegt teymi á vegum fjölskyldudeildar sem vinni með kennurum og öðrum fagaðilum ásamt fjölskyldum þeirra þegar aðstæður krefja. Þjónusta þessa umboðsmanns yrði til staðar fyrir öll börn á Akureyri fram að 18 ára aldri.

Til að koma á þessari þjónustu þarf að gera úttekt á starfsemi skóladeildar, Fjölsmiðjunnar, heilsugæslunnar, fjölskyldudeildar, barnaverdar og öðrum aðilum sem hafa komið að þjónustu við börn í vanda og fjölskyldur þeirra. Þessi leið hefur reynst vel í Danmörku og taka skal sérstakt mið af henni. Stefnt er að því að Ungmennamiðstöðin verði komin af stað í lok árs 2015.

Þrátt fyrir að hér sé um nýja þjónustu að ræða þá teljum við að með henni megi spara tíma og peninga með aukinni samræmingu á þjónstu og fagþekkingu sem þegar er til staðar. Yfirsýn verður meiri og gripið verður fyrr inn í aðstæður sem barnið og fjölskylda þess ræður ekki við. Aukin þjónusta við börn og fjölskyldur mun minnka brotthvarf úr námi, sérstaklega á meðal einstaklinga á aldrinum 14-18 ára. Foreldrum ungmenna á aldrinum 16-18 sem hætta í framhaldsskóla verða tryggðar upplýsingar og ráðgjöf til að efla ungmennin til atvinnuþátttöku og verða virkir í samfélaginu.

Til að efla börn og fjölskyldur þeirra viljum við:

- ✓ Grípa strax inní ef kviknar grunur á því að barnið þurfi aukinn stuðning.

- ✓ Vinna sérstaklega með ungu fólki á aldrinum 14 - 18 ára sem eru í hættu á að flosna úr námi.
- ✓ Auka stuðning í skólum fyrir börn með raskanir.
- ✓ Efla þekkingu foreldra og starfsfólks skóla á röskunum.

Við sættum okkur ekki við fátækt eða félagslega útskúfun á Akureyri - Við eigum öll rétt á farsæld í lífinu og við þurfum hvert á öðru að halda.

Þess vegna er nauðsynlegt að:

- ✓ Leita leiða til að tryggja að börn líði ekki fyrir fátækt foreldranna m.a. með því að aðstoða við að greiða fyrir tómstundir og skólamáltíðir barna þeirra foreldra sem ekki geta gert það sjálfir.
- ✓ Þjóða ungmennum tækifæri til vinnu, náms, starfsendurhæfingar eða meðferðar, allt eftir því hver vandinn er.

## Skólar, tómstundastarf og íþróttir

Skóla- og frístundastarf er undirstaða velferðarsamfélagsins því þar getum við tryggt börnum jöfn tækifæri til að þroskast og eflast sem sterkir og skapandi einstaklingar. Við fögnum margbreytileika í skóla- og frístundastarfi og viljum að leiðarljós skólanna verði að **virka styrkleika barna og ungmenna**, kveikja áhuga þeirra og ýta undir sköpun og frumkvæði.

### Samfelldur vinnudagur barna

Það er forgangsmál að bæta færni og þekkingu barna í undirstöðugreinum eins og lestri og stærðfræði. Við viljum að öll börn geti lesið sér til gagns í grunnskólanum, með því að nýta aðferðir sem mæta ólíkum þörfum barna í lestrarnámi.

Með störfum sínum leggja kennarar og starfsmenn skóla og frístundastarfs mikilvægan grunn að framtíð barna og ungmenna. Við viljum eiga samstarf við samtök kennara og foreldra um aðgerðir til að auka virðingu kennarastarfsins í samfélaginu og gera kennslu og önnur störf í uppeldistengdum greinum að eftirsóknarverðum starfsvettvangi.

Á næstu fjórum árum ætlum við að:

- ✓ Efla færni barna í læsi og stærðfræði í samvinnu við fagfólk leikskóla og grunnskóla með það að markmiði að öll börn geti lesið sér til gagns í grunnskóla.

- ✓ Auka áhrif barna og ungmenna á innihald og skipulag eigin náms og frístundastarfs.
- ✓ Auka áherslu á verk, tækni- og listgreinar, þroska umhverfisvitund barna og samþætta skapandi greinar við almennt nám.
- ✓ Veita meira fé til efniskaupa og auka ráðstöfunarfé skóla til að hægt sé að gera uppbot í skólastarfið og auka fjölbreytileika þess.
- ✓ Hefja skipulagða móðurmálskenndu barna af erlendum uppruna, samhliða markvissri íslenskukennslu.
- ✓ Jafna aðgengi barna að frístundastarfi með áherslu á fjölbreytt skapandi starf.
- ✓ Draga úr brotthvarfi nemenda með markvissri skimun og forvörnum í grunnskólum.
- ✓ Auka virkni og áhrif foreldra í skólastarfi.
- ✓ Tryggja öllum börnum hollar og góðar skólamáltíðir þar sem markmið Lýðheilsustöðvar eru höfð að leiðarljósi og skólar hvattir til að vera Heilsueflandi grunn- og leikskólar.
- ✓ Fjölga leikskólarýmum fyrir fjölskyldur með ung börn.
- ✓ Auka opnunartíma leikskóla um hálfu til heila klukkustund.
- ✓ Hefja undirbúning að listaskóla fyrir börn, þar sem Tónlistarskóli Akureyrar verði fyrirmynd.
- ✓ Flýta uppbyggingu Íþróttahúss í Naustahverfi og klára uppbyggingu grunnskólans
- ✓ Gera skil milli grunn- og framhaldsskóla sveigjanlegri og aukin samvinna við framhaldsskólana á Akureyri.
- ✓ Koma á fót sameiginlegri Íþróttakademíu íþróttafélaganna og framhaldsskólanna með aðkomu Akureyrarbæjar.
- ✓ Leggja áherslu á og auka hreyfingu barna.
- ✓ Beita okkur fyrir aukinni samvinnu skólastiga frá leikskóla að háskóla.
- ✓ Tryggja að starfsfólk sem nú starfar í leik- og grunnskólum eigi kost á vandaðri sí- og endurmenntun.
- ✓ Leggja sérstaka áhersla á að auka starfsánægju og efla fagmennsku kennara og skólastjórnenda með markvissri starfsþróun.
- ✓ Hafa laun leik- og grunnskólakennara samkeppnishæf við viðmiðunarstéttir.



## Nýtum sérstöðu öflugra leikskóla

Nær öll börn á Íslandi ganga í leikskóla. Þar gefst því gullið færi til að leggja grunn að almennu læsi á forsendum leiksins. Með góðri samvinnu fagfólks leik- og grunnskóla getum við náð frábærum árangri. Með markvissum aðferðum má styrkja þann fjórðung barna sem stendur höllum fæti varðandi málþroska strax í leikskólanum. Huga þarf að hljóðvist barna í skólum, gera mælingar og auka hljóðvist þar sem of mikill erill og hávaði getur hamlað námi barna. Því er mikilvægt að tryggja samvinnu og samstarf á milli allra skólastiga bæjarins.

Við viljum setja börnum í leikskólum raunhæf færni viðmið en treysta fagfólki á leikskólum til að útfæra leiðir að þeim.

Sköpun og leikur í víðum skilningi er kjarni leikskólustarfsins. Leikskólinn hefur margar leiðir til að vinna með börn á skapandi hátt og virkja þannig hæfileika þeirra, efla sjálfstraust og félagsfærni.

Góður leikskóli byggir á traustri fagmennsku. Á Akureyri búum við við þau forréttindi að við leikskólana starfar hátt hlutfall leikskólakennara. Á síðustu árum hefur aðsókn í háskólanám í leik- og grunnskólafræðum minnkað og er það mikið áhyggjuefni sem bregðast þarf við til að tryggja fagmennsku í leik- og grunnskólum bæjarins.

## Grunnskólar í fremstu röð

Við viljum að öll börn geti lesið sér til gagns í grunnskólanum og munum leita leiða til að mæta ólíkum þörfum barna í lestrarnámi. Til að ná því markmiði viljum við efna til víðtæks samstarfs um eflingu læsis, með áherslu á lesskilning. Fagfólk í leikskólum og grunnskólum, foreldrar og sérfræðingar háskólasamfélagsins eru lykilaðilar til að ná settu marki. Mikilvægt er að upplýsingar úr þroska- og skimunarprófum berist greiðlega til og á milli leikskóla og grunnskóla og séu nýttar í þágu viðkomandi barna. Við eigum að nýta rannsóknir og reynslu innlendra og erlendra aðila til að bæta árangur og þjónustu og gæta þess að taka mark á sjónarmiðum fagfólksins í skólunum.

Öll börn eiga að njóta sín í skólunum, þeim á að líða vel og ganga vel í námi. Börn og ungmenni eiga að njóta fjölbreytni í skólustarfi. Gera á verk-, tækni- og listnámi jafnhátt undir höfði og bóknámi. Lögð verði áhersla á að þroska umhverfisvitund barna og ungmenna með útinámi og fjölbreyttri náttúruskoðun. Tryggja þarf fjölbreytni námsaðferða til að undirstrika þennan margbreytileika.

Mikilvægt er að greina og skilja starf kennara í leikskólum og grunnskólum eins og þau raunverulega eru í breyttu samfélagi og skapa þær aðstæður að kennarar geti í auknum mæli einbeitt sér að skipulagi náms og kennslu í þágu nemenda. Mikilvægt er

að kennarar fái tækifæri til að vinna með sérhæfðum fagaðilum til að mæta ólíkum þörfum nemendahópsins.

Auka á vægi skapandi greina í almennu skóla- og frístundastarfi og styðja við bakið á þróunarstarfi um samþættingu námsgreina. Efla þarf nemendalýðræði þar sem börn og ungmenni eiga að hafa meiri áhrif á það hvað þau læra í skólum og hvernig.

Með störfum sínum leggja kennarar og starfsfólk skólanna mikilvægan grunn að framtíð barna og ungmenna. Bera þarf virðingu fyrir fagmennsku og reynslu kennara í þeim brýnu verkefnum sem eru framundan í að bæta skólastarf. Við viljum eiga samstarf við samtök kennara, foreldra og atvinnulífsins um aðgerðir til að auka virðingu kennarastarfsins í samfélaginu og gera kennslu að eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Auka þarf áherslu á bætt starfs- og launakjör og þau jöfnuð við helstu viðmiðunarstéttir.

## **Aukin virkni og áhrif foreldra í skólastarfi**

Öflugt foreldrastarf stuðlar að velferð barna í skólum. Stuðla þarf að því að allir foreldrar hafi tækifæri til að koma að stefnumótun og taka þátt í starfi skólans. Mikilvægt er að skilgreina vel hlutverk og ábyrgð foreldra í skólastarfi t.d. með sérstakri foreldrahandbók sem verður aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar. Foreldrar verði sérstaklega hvattir til að taka virkan þátt í heimalestri með börnum alla grunnskólagönguna sem leið til eflingar læsis.

Aðgangur foreldra að kjörnum fulltrúum verði aukinn m.a. með reglulegum opnum fundum um skólamál og í gegnum vefspjall.

## **Eflum móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna**

Í skóla margbreytileikans þarf að hlúa vel að öllum börnum, þar með talið þeim ört vaxandi hópi sem er af erlendu bergi brotinn. Virða þarf rétt þessara barna til móðurmálskennslu við hæfi samhliða markvissri íslenskukennslu. Góð móðurmálskunnátta nemenda er lykill að frekara námi, eflingu sjálfsvitundar og umburðarlyndis. Stefna um móðurmálskennslu verði mótuð og stuðlað að eflingu foreldrasamstarfs í þágu barna af erlendum uppruna.

## **Drögum úr brotthvarfi með aðgerðum í grunnskóla**

Nauðsynlegt er að vinna gegn brotthvarfi nemenda úr skólakerfinu. Beita þarf forvörnum strax í grunnskóla og styðja við bakið á þeim ungmennum sem ekki njóta sín í skóla og sýna minnkandi skólasókn. Auka þarf námsframboð og gera þeim kleift að finna og eflast af styrkleikum sínum. Tryggja þarf þeim markvissa námsráðgjöf, námsaðstoð og meðferðarúrræði við hæfi í góðri samvinnu við ungmennin sjálf,

fjölskyldur þeirra og fagaðila. Ungmennamiðstöð mun verða lykilaðili í að ná til þessara ungmenna og tryggja þeim upplýsingar og þjónustu.

## Öflugt frístundastarf í félagsmiðstöðvum

Í frístundastarfi gefast spennandi tækifæri til að vinna með félagsfærni og sjálfsmynd barna, virkja skapandi hugsun þeirra, seiglu og sjálfstæði.

Sóknarfærin eru ótalmörg. Við leggjum áherslu á jafnt aðgengi allra barna að frístundastarfi, þar með talið barna af erlendum uppruna og að frístundastarfið sé m.a. nýtt til að kynna börnum fjölbreytilega kosti á sviði verk-, tækni- og listnáms auk íþróttar.

Við munum leita leiða til að draga úr kostnaði foreldra við íþróttar- og frístundastarf barna þeirra. Við viljum hækka frístundastyrk með hverju barni í a.m.k. 25 þúsund krónur á kjörtímabilinu og að greitt sé með hverju barni til 18 ára aldurs. Taka þarf upp samræmdan systkinaafslátt á milli skóla-, íþróttar- og frístundastarfs.

Þá munum við fjölga hópferðum skólabarna á menningarviðburði og söfn til að tryggja jafnt aðgengi barna að menningu. Fjölgað verði tækifærum barna og ungmenna til að njóta og fræðast um íslenska náttúru með skipulögðum vettvangsferðum.

## Íþróttir og hreyfing barna

Við viljum stuðla að því að öll börn hafi jöfn tækifæri til íþróttaiðkunar. Við ætlum að vinna með íþróttafélögum:

- ✓ Gera þeim kleift að taka á móti auknum fjölda barna á mismunandi forsendum, hvort sem um er að ræða keppnismiðaðar íþróttir eða ekki.
- ✓ Draga úr brottfalli iðkenda og stuðla að því að allir hafi verkefni við hæfi.
- ✓ Tengja betur saman starfsemi grunnskólanna og íþróttafélaganna.
- ✓ Stuðla að auknu samstarfi milli íþróttafélaga bæjarins til hagsbóta fyrir iðkendur.

Við viljum bæta aðstöðu á leik- og íþróttasvæðum bæjarins með áherslu á þarfir fjölskyldufólks og barna. Við viljum:

- ✓ Fjölga körfuboltavöllum í bænum og setja upp a.m.k. þrjá velli á kjörtímabilinu.
- ✓ Koma upp sparkvelli í Hrísey.
- ✓ Aðlaga leiðakerfi strætisvagna Akureyrar að íþróttamannvirkjum bæjarins.
- ✓ Leita samstarfs við íþróttafélögin um íþróttaiðkun almennings.

## Húsnæðismál

Fjölskyldur á Akureyri eru af öllum stærðum og gerðum. Þess vegna er mikilvægt að ný hverfi og umbætur í húsnæðismálum taki mið af húsnæðisþörf íbúanna og framboð sé á íbúðum fyrir námsmenn, einstaklinga, þör, unga og gamla, stórar og litlar fjölskyldur. Byggja þarf upp almennan leigumarkað og búseturétt sem öruggan valkost fyrir alla. Sumir vilja leigja, aðrir vilja eiga eigið húsnæði - en allir þurfa þak yfir höfuðið.

Þess vegna ætlum við að:

- ✓ Leita leiða til að aðstoða húsbyggjendur við að draga úr byggingarkostnaði, m.a með því að gera þeim kleift að byggja minna og hagkvæmar.
- ✓ Endurskoða verkferla við afgreiðslu bygginarleyfa hjá skipulagsdeild með það fyrir augum að gera þá skilvirkari.
- ✓ Breyta lóðarverði þannig að greitt sé fyrir byggða fermetra en ekki leyft byggingarmagn og draga þannig úr sóun og lækka byggingarkostnað.
- ✓ Tryggja framboð af lóðum, sem eru skipulagðar undir fjölbreytt og hagkvæmt húsnæði.
- ✓ Skoða vel hentug svæði innan bæjarmarkanna þar sem má þetta byggð í takti við þá byggð sem fyrir er.
- ✓ Skilgreina Eyrina og Tangann sem næsta uppbyggingarhverfi og hefja strax vinnu við deiliskipulagsgerð. Mikilvægt er að stækka bæinn innan frá á hagkvæman hátt, þannig að aukin sjálfbærni og betri rekstur bæjarsjóðs verði ávallt haft að leiðarljósi.
- ✓ Fegra og snyrta suðurhluta Eyrarinnar og stuðla að byggingu húsa á auðum lóðum og lagfæringum eldri húsa.
- ✓ Lóðum verði úthlutað bæði á frjálsum markaði en einnig til samtaka og félaga sem ekki byggja eða reka húsnæði í hagnaðarskyni. Þannig næst æskileg blöndun í hverfin.
- ✓ Þjóða uppá fjölbreyttar stærðir og gerðir íbúða fyrir mismunandi þarfir eftir efnahag, fjölskyldustærð eða lífsstíl.
- ✓ Fjölga félagslegum leiguíbúðum á vegum bæjarins.

## Skemmtilegur og grænn bær - lífsgæði fyrir framtíðina

Akureyri er fallegur bær jafnt á sólríkum sumardegi og fallegu vetrarkvöldi. Við viljum gera Akureyri enn fallegri með áherslu á sjálfbærni og efla umhverfisvitund íbúa, stofnanna og fyrirtækja. Það ætlum við að gera með því að:

- ✓ Setja okkur mælanleg markmið í umhverfismálum með það fyrir augum að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.
- ✓ Gera vistvænni ferðamáta að raunhæfum valkosti við einkabílinn með því að byggja upp betra hjóla- og göngustígakerfi.
- ✓ Stórefla strætósamgöngur þar sem byggt verði upp nýtt einfalt leiðarkerfi með 15 til 20 mínútna tíðni og fjarlægð á stoppistöð ekki meira en 500 metrar.
- ✓ Bæta almenningssamgöngur við Hrísey og Grímsey.
- ✓ Bjóða íbúum sveitarfélagsins frítt í Hríseyjarferjuna nokkrar helgar á ári.
- ✓ Byggð verði hagkvæm umferðarmiðstöð í miðbænum sem þjóni bættu leiðarkerfi strætó, leigubílum og almenningssamgöngum á landsvísu.
- ✓ Tryggja gott aðgengi að góðum leikvöllum og grænum svæðum.
- ✓ Byggja nýjan leikvöll í miðbænum, neðst í Skátagilinu.
- ✓ Fjölga matjurtagörðum og grænum svæðum þar sem fjölskyldur og aðrir geta átt notalegar og góðar samverustundir
- ✓ Endurskipuleggja Hamarskotstún og Eiðsvöll þannig að garðarnir verði aftur lífandi og skemmtileg útivistarsvæði í hjarta bæjarins.
- ✓ Aukin endurvinnsla heimilanna með því að framfylgja fyrri tillögum um að á hverju heimili verði tvær sorptunnur; ein fyrir heimilssorp og lífrænan úrgang eins og er í dag en bæta annari við fyrir pappír, plast, ál og annan endurvinnanlegan heimilisúrgang.
- ✓ Akureyri verði plastpokalaust bæjarfélag.
- ✓ Akureyrarbær semji við starfsfólk sitt um umbun enda ferðist þeir til og frá vinnu með vistvænum hætti.
- ✓ Leggja sérstaka áherslu á að bæta gönguleiðir að leik-, grunn- og framhaldsskólum og bæta umferðarskipulag umhverfis þá.
- ✓ Laga göngustíga í Hrísey og bæta aðkomu við ferjubryggjuna eins og fram kemur í hugmyndum og teikningum frá Ferðamálafélagi Hríseyjar.
- ✓ Koma upp bílastæðum með hleðslu fyrir rafmagnsbíla í miðbænum.
- ✓ Áfram frítt í stæði í miðbænum ef notaðaðar eru bílastæðaklukkur.

- ✓ Byggja upp grænt tjaldstæði við Þórunnarstræti með áherslu á vistvæna ferðamennsku.
- ✓ Efla samfélagslega ábyrgð íbúa í hverfum með reglulegum tiltektardögum.
- ✓ Hvetja og aðstoða fyrirtæki til að marka sér skýra umhverfisstefnu.
- ✓ Leita samstarfs við Eyjafjarðarsveit um lagningu göngu- og hjólastígs inn að Hrafnagili.

### Við viljum gera bæinn grænni

- ✓ með því að gera Akureyri skemmtilegri og halda í og fjölga grænum svæðum og fækka gráum
- ✓ með því að byggja nýtt hverfi á Eyrinni, sem minnkar akstur íbúa
- ✓ með því að þétta byggð og stækka bæinn innanfrá
- ✓ með því að minnka svifryksmengun og aðra loftmengun af völdum bílaumferðar
- ✓ með því að minnka sorp og auka enn meira endurvinnslu og sjálfbærni
- ✓ ljúka „Græna trefilinum“ umhverfis Akureyri og strandlengjuna þar sem hún er ósnortin

### Akureyr á að vera lífsgæðabær þar sem ...

- ✓ er skemmtilegt að búa
- ✓ er gott að fæðast, lifa og eldast
- ✓ stutt er í alla þjónustu, verslun, skóla, atvinnu og útivistarsvæði hvar sem þú býrð innan bæjarins
- ✓ hverfin eru blönduð og íbúðir eru á viðráðanlegu verði
- ✓ eru falleg torg og líflegir almenningsgarðar, stórir og smáir
- ✓ íbúarnir hafa aðgang að óröskuðum náttúrusvæðum á öllu Norðurlandi með góðri samvinnu allra sveitarstjórnanna á svæðinu
- ✓ þarfir hjólandi, gangandi og hreyfihamlaðra eru settar í forgang við endurhönnun gatna

## Mannréttindi og jafnrétti

Við viljum að Akureyri standi vörð um umburðarlyndi og frjálslýndi. Taki afstöðu með fólki sem tilheyrir minnihlutahópum – hópum sem eiga undir högg að sækja. Við vitum að margt er óunnið í jafnréttisbaráttu kynjanna þótt almenn meðvitund ríki um nauðsyn hennar. Árangur í þeirri baráttu hefur jákvæð áhrif á allt samfélagið og styrkir ekki síst baráttu minnihlutahópa í samfélaginu sem og öfugt. Sameinuð komumst við öll lengra. Allir borgarar eiga að hafa tækifæri til jafnrar þátttöku og áhrifa á Akureyri óháð kyni, aldri, kynhneigð, kynvitund, heilsufari, uppruna eða stöðu að öðru leyti. Það skiptir máli að Akureyri sé öruggt bæjarfélag og það eru mikilvæg mannréttindi að búa við öryggi. Mannréttindi eru eilífðarverkefni.

Við ætlum að:

- ✓ Efla fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf og fræða börn og íbúa á öllum aldri um jafnrétti, staðalmyndir, ólíkar fjölskyldugerðir og lýðræði,
- ✓ Koma á fót öldungarráði sem sé nefndum og ráðum til ráðgjafar við stjórn bæjarins.
- ✓ Virkja ungmennaráð, öldungaráð og hverfisnefndir með beinum hætti við þróun bæjarins.
- ✓ Skýra mannréttindi fatlaðs fólks og tryggja sjálfsákvörðunarétt þeirra og notendamiðaða upplýsingagjöf.
- ✓ Berjast gegn ofbeldi ekki síst kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi og huga sérstaklega að þörfum barna í því samhengi. Skoða sérstaklega þörf fyrir neyðarhúsnæði fyrir einstaklinga og börn sem verða fyrir ofbeldi af hendi maka.
- ✓ Eyða óútskýrðum launamun og fá jafnlaunavottun.
- ✓ Hugsa að eldra fólki af erlendum uppruna sem hefur skertan bótarétt og er félagslega mjög einangrað.

Akureyrarbær starfi í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf.

- ✓ Vinna þarf áfram að þróun og innleiðingu notendastýrðar persónulegrar aðstoðar.
- ✓ Réttur til þjónustu á að vera óháður búsetuformi.
- ✓ Akureyrarbær gangi á undan í skipulagi þannig að fatlaðir eigi greiðari aðgang að þjónustu bæjarins og almenningsvæðum hans.
- ✓ Vinna markvisst að því að eyða biðlistum eftir stuðningsþjónustu.
- ✓ Eyða biðlistum eftir húsnæði og vinna að lokun herbergjasambýla.

- ✓ Líta á ferliþjónustu fatlaðs fólks eins og almenningsamgöngur.
- ✓ Samræma þjónustu og upplýsingagjöf til aðstandenda langveikra og fatlaðra.

## Akureyri á að standa með þeim sem þurfa á stuðningi að halda

Við skiptum öll máli. Það eru mannréttindi að taka þátt í samfélaginu og andleg, líkamleg og félagsleg lýðheilsa er lykilatriði. Þess vegna leggjum við sérstaka áherslu á að:

- ✓ Standa með einstaklingum sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi og öðru kynbundnu ofbeldi m.a. í fjárhagsaðstoð.
- ✓ Styrkja þarf starfsemi sem sinnir fórnarlömbum heimilis- og kynbundnu ofbeldi. Skoða sérstaklega þörf fyrir neyðarhúsnæði fyrir einstaklinga og börn sem verða fyrir ofbeldi af hendi maka.
- ✓ Leita nýrra leiða í samstarfi við atvinnulífið að aðstoða fólk við að koma sér á vinnumarkað eftir getu þeirra og virkni.
- ✓ Koma á atvinnuátaksverkefnum fyrir atvinnulausa með áherslu á ungt fólk og einstaklinga á fjárhagsaðstoð.
- ✓ Tryggja réttindi eldra fólks af erlendum uppruna sem hefur skertan lífeyrisrétt og er félagslega einangrað.
- ✓ Efla forvarnir; forða einstaklingum, fjölskyldum og samfélagi frá miklum vanda.
- ✓ Fara í greiningu á þörf fyrir húsnæði fyrir útigangsfólk og fólk í neyslu.
- ✓ Taka á málefnum einstaklinga í neyslu sem heilbrigðisvanda og koma upp hvíldarúrræði fyrir fólk í mikilli neyslu.
- ✓ Koma í veg fyrir félagslega einangrun þeirra einstaklinga sem finna sig hvorki í námi né vinnu.

## Heimurinn er hér - styrkjum margbreytileikann

Margbreytileikinn er Akureyringum mikils virði, án hans væri mannlífið fátæklegra. Innflytjendur eru auðlind fyrir samfélagið. Samfélagsleg þátttaka Akureyringa af erlendum uppruna skiptir máli fyrir okkur öll, við viljum að öllum líði vel á Akureyri og geti gert bæinn að heimili sínu.

Í skólum, á vinnustöðum og á heimilum á Akureyri eru töluð ýmis tungumál frá öllum heimsálfum. Fjöldi þeirra Akureyringa sem hefur annað móðurmál en íslensku eða hafa fæðst í öðru landi er orðinn talsverður.



Öll börn eiga rétt á því að borin sé virðing fyrir móðurmáli þeirra. Réttur þeirra til að læra eigið móðurmál er ótvíræður. Móðurmálsfærni gerir þau jafnframt sterkari í íslenskunáminu.

Til að bæta íslenskukennslu og velferð íbúa með annað móðurmál en íslensku ætlum við að:

- ✓ Auka móðurmálskennslu.
- ✓ Þjóða nýja Akureyringa sérstaklega velkomna í leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.
- ✓ Efla stuðning og samstarf við foreldra af erlendum uppruna. Við ætlum að vinna markvisst gegn brottfalli erlendra ungmenna úr framhaldskólunum.
- ✓ Þjóða öllum sem hingað flytja velkomna með upplýsingapakka þar sem fjallað er um bæinn okkar; skólana, þjónustuna, sorpið, sundlaugarnar, velferðarmálin, réttindi og skyldur, frístundastyrk, húsaleigubætur o.s.frv.
- ✓ Útbúa móttökuáætlanir þegar börn fara á milli skólastiga og bæjarfélaga.
- ✓ Leggja áherslu á auðskilið efni á íslensku og vandaðar þýðingar t.d. á heimasíðu bæjarins.

## Menning og skapandi greinar

Akueyri er miðstöð kraumandi sköpunar í öllum listgreinum. Listir stuðla að jákvæðri sjálfsmynd, gagnrýnni- og skapandi hugsun og samfélagsvitund. Með tilkomu Hofs hafa möguleikar bæjarins til að setja upp stærri listviðburði ásamt ráðstefnuhaldi aukist. Menning er önnur aðalástæða heimsóknna ferðamanna til Íslands. Akueyri þarf að bjóða upp á menningu til að standast samkeppni við höfuðborgarsvæðið og nágrannalöndin. Mikilvægt er að viðurkenna listir sem mikilvægt atvinnumál.

Menning blómstrar í bæjarfélagi þar sem...

- ✓ allir íbúar hafa aðgengi að menningu og listum sem njótendur og þátttakendur
- ✓ þar sem boðið er uppá skapandi starf og listnám
- ✓ komið er til móts við frumkvæði íbúanna
- ✓ listir og menning eru mikilvægur hluti af skólustarfi og uppeldi barna
- ✓ listir verði viðurkenndar sem nýsköpun og frumkvöðlastarf
- ✓ hlúð er að menningu og listum sem atvinnugrein í hröðum vexti
- ✓ er skemmtilegt að njóta menningar og listar

Til að efla menningu og vöxt skapandi greina ætlum við að:

- ✓ Styðja við listiðkun allra bæjarbúa og fagna margbreytileikanum sem er í listum.
- ✓ Sjá til þess að sem flestir innanstokksmunir stofnanna eins og Hofs, Samkomuhússins og Sjónlistamiðstöðvar séu hönnuð og gerð af listamönnum og fyrirtækjum frá Akureyri. Þetta á t.d. við um húsgögn, fatnað starfsmanna, borðbúnað, bæklinga og fleira.
- ✓ Verja 1% af byggingarkostnaði nýbygginga til listaverkasjóðs.
- ✓ Auka verulega framlag Akureyrarbæjar í menningarsjóð til úthlutunar til listamanna.
- ✓ Klára byggingu Sjónlistamiðstöðvar.
- ✓ Tryggja viðgang Sinfóníuhjónsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar. Viðurkenna nýsköpunar og rannsóknarstarf þeirra og gera þeim kleift að takast á við metnaðarfull verkefni.
- ✓ Setja á stofn ráð með þáttöku listamanna sem yfirfari staðsetningu útilistaverka.
- ✓ Jafna aðgengi að menningarstýrkjum og upplýsingum.
- ✓ Bjóða öryrkjum og atvinnuleitendum frítt í söfn á vegum bæjarins.
- ✓ Samnýta húsnæði og opin rými í eigu bæjarins í hverfum til listsköpunar, sýninga og menningarræktunar.
- ✓ Setja upp listaverk eftir listamenn frá Akureyri í stofnanir bæjarins.
- ✓ Efla samstarf listafólks við skóla og félagsmiðstöðvar.
- ✓ Greina og tryggja að margbreytileiki mannlífsins sé sýnilegur á öllum sviðum menningar.
- ✓ Frekari uppbygging í Hlíðarfjalli.
- ✓ Bæta umhverfi sjálfstætt starfandi listamanna.
- ✓ Koma að stefnumótun og rannsóknum í samstarfi við samtök listafólks og kortleggja mikilvægi list- og skapandi greina fyrir bæjarfélagið.
- ✓ Fjölga notendum og heimsóknum íbúa Akureyrar og ferðamanna að menningastofnunum bæjarins.
- ✓ Bjóða skólabörnum að heimsækja Hof, leikhúsið og listasafnið á hverju ári með markvissari hætti en nú er gert.
- ✓ Efla samskipti listamanna og hönnuða við leik og grunnskóla.

- ✓ Koma á samstarfi við Háskólann á Akureyri um vísindasmiðju fyrir bæjarbúa einu sinni á ári.
- ✓ Koma á FabLab setri í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og VMA með tryggum aðgangi íbúa að setrinu.
- ✓ Efla aðkomu Akureyrarstofu að nýsköpun og skapandi greinum sem atvinnugrein.

## Akureyri á að vera skapandi atvinnubær á öllum sviðum

Akureyrarbær í gegnum Akureyrarstofu á að skapa hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið og stuðla að stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, með áherslu á fjölbreytni, þekkingu, skapandi greinar og græna hagkerfið sem og nýsköpun á grundvelli hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og vistvæna orkunýtingu.

Hlutverki bæjarins verður best sinnt með skipulagsaðgerðum, uppbyggingu traustra og skilvirkra innviða, samhæfingu og einföldun verkferla innan bæjarkerfisins. Auk þess sem mjög rík áhersla verður lögð á að Akureyrarbær veiti góða þjónustu og verði þannig eftirsóknarverður staður fyrir fólk til búsetu og starfa.

Til að stuðla að nýsköpun og markvissri þróun mun Akureyrarstofa hafa forgöngu um samstarf fjölmargra aðila sem gegna lykilhlutverkum í þekkingarsköpun og atvinnulífi. Akureyrarstofa og AFE munu vinna að því að skipuleggja markaðssetningu Akureyrar sem fjárfestingakost fyrir bæði innlenda og erlenda fjárfesta. Leitast verður við að fá vellaunuð störf til bæjarins.

Á kjörtímabilinu veður unnið að:

- ✓ Því að gera þjónustu og upplýsingagjöf bæjarins til fyrirtækja liprari og skilvirkari.
- ✓ Ný fyrirtæki verði boðin sérstaklega velkomin með táknrænni gjöf, upplýsingabæklingi og heimsókn bæjarstjóra.
- ✓ Fjölbreyttari atvinnuþróun í miðbænum og auðvelda minni fyrirtækjum að staðsetja sína þjónustu í miðbænum. Mikilvægt er að miðbærinn höfði áfram til bæði íbúa og ferðamanna.
- ✓ Aðalskipulag verði endurskoðað þar sem hugað verði að öflugri samtengingu íbúa og atvinnulífs.
- ✓ Áfram verði hlúð að fjölmönnum og rótgrónum fyrirtækjum og vinnustöðum.

- ✓ Nýsköpunarmiðstöð, HA, VMA og MA komi í auknum mæli að frumkvöðlastarfsemi í samráði við Akureyrarbæ og atvinnulífið.
- ✓ Kanna forsendur fyrir frumkvöðlasetri skapandi greina í Listagilinu í samvinnu við Listasafnið á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöð, listnámsbraut VMA, Myndlistaskólann og HA.
- ✓ Því að styrkja nafn Akureyrar sem miðstöðvar í rannsóknum á málefnum norðurslóða, loftslagsbreytinga, jarðhita og endurnýtanlegra orkugjafa.
- ✓ Koma á matarmarkaði - local food - miðsvæðis í bænum.
- ✓ Torfunefsbyggja verði í góðum tengslum við mannlífið. Huga þarf að tengingu við markaði, verslanir, menningu og nýsköpun
- ✓ Trillusjónmenn geti lagt upp að Torfunefi og selt fisk beint af bryggunni.

Ferðaþjónustan skipar stóran sess á Akureyri og skilar íbúum meiri og betri þjónustu árið um kring auk þess að efla allt mannlíf og gera það skemmtilegra.

Akureyringar eiga að vera góðir gestgjafar mikilvægt er að hlúa að jákvæðum samskiptum íbúa við gesti bæjarins. Samfylkinginn vill starfa með ferðaþjónustufyrirtækjum að markaðssetningu bæjarins og vinna að því að heitið AKUREYRI verði samheiti í ferðaþjónustu fyrir allt norðausturland. Öflug ferðaþjónusta og markaðssetning Akureyrar sem ferðamannabæjar eflir ferðaþjónustu á öllu Norðurlandi.

Lögð verður áhersla á þróun atvinnugreinarinnar með félagslega sjálfbærni og aukna arðsemi að leiðarljósi. Enn meiri áhersla verði lögð á vetrartímenn.

Það sem við viljum gera og leggjum áherslu á er að:

- ✓ Auka hlut ráðstefnu- og hvataferða ásamt þeim hluta ferðaþjónustu sem skilur mest eftir sig.
- ✓ Akureyrarstofa verði eflid til frekari markaðssóknar.
- ✓ Hátíðir, ýmsir viðburðir og íþróttamót utan háannar verði þróaðar og aðkoma Akureyrarbæjar verði meiri að þeim viðburðum.
- ✓ Akureyrarflugvöllur verði kynntur sem góður kostur fyrir beint flug erlendis frá og allt norðurland verði markaðsett sem Akureyri.
- ✓ Útivistarsvæði og perlur Akureyrar verði markaðsettar með áherslu á ferðamennsku fyrir fjölskyldufólk t.d. Glerárdalur, Hlíðarfjall, Sundlaugin, Lystigarðurinn, Kjarnaskógur, Krossanesborgir, Hrísey og Grimsey.

- ✓ Kjarnaskógur, Hlíðarfjall og Glerárdalur verði skilgreint sem heildstætt útivistarsvæði.
- ✓ Markaðssetja Akureyri sem paradís útivistar- og ævintýraferðamennsku.
- ✓ Merktar verði fleiri gönguleiðir á Glerárdal og í nágrenni Akureyrar til að laða göngufólk til bæjarins.

## Akureyri - bær þar sem er gott að eldast

Á næstu árum mun Akureyringum á besta aldri fjölga mikið. Þeir eru vel á sig komnir, lífa lengur og hafa fjölbreyttari starfsreynslu og menntun en nokkru sinni áður. Þessi hópur vill hafa sem mest áhrif á eigin aðstæður. Hafa val eins lengi og kostur er um atvinnuþátttöku, viðbótarmenntun, hreyfingu og innihaldsríkar tómsundur. En þegar á reynir þarf fólki að standa til boða öruggur stuðningur og umönnun, allt frá heimaþjónustu til hjúkrunarheimila.

Við viljum:

- ✓ Tryggja öldruðum erilsamt ævikvöld!
- ✓ Meiri fjölbreytni í frístundastarfi og tækifærum til símenntunar fyrir eldri borgara.
- ✓ Félagsmiðstöðvar verði eflar í samstarfi við notendur og Félag eldri borgara.
- ✓ Að leitað verði leiða til að virkja eldri borgara af erlendum uppruna í félagsstarfi.
- ✓ Stofna öldungaráð sem verður ráðgefandi vettvangur fyrir nefndir og ráð bæjarins.
- ✓ Að Akureyrarbær sýni gott fordæmi og bjóði sveigjanleg starfslok þar sem fólk geti minnkað við sig eftir 62 ára aldur en þurfi ekki að hætta alfarið fyrr en við 72 ára aldur þar sem því verður við komið.
- ✓ Vinna gegn einangrun aldraðra m.a. með öruggri þjónustu þegar á þarf að halda.
- ✓ Aðlaga þjónustuna að þörfum þeirra sem þurfa á henni að halda.

Þegar á reynir er mikilvægt að:

- ✓ tryggja næga heimaþjónustu og heimahjúkrun
- ✓ fjölga endurhæfingar- og dagþjálfunarúræðum
- ✓ aðstoða eldri borgara við að búa sem lengst á eigin heimili og fjölga leiguíbúðum sem ætlaðar eru eldra fólk m.a. þeim sem viðja minnka við sig.

## Hjúkrunarheimili og öldrunarþjónusta

- ✓ Setja þarf skýrari reglur um gæðaeftirlit með hjúkrunarheimilum og tryggja að fyllstu friðhelgi og mannréttinda aldraðra sé gætt.
- ✓ Gera þarf úttekt á mönnun í öldrunarþjónustu út frá álagi á starfsfólki, starfsmannaveltu, veikindadögum og starfsánægju.
- ✓ Áfram verði Eden stefnan höfð til grundvallar á hjúkrunarheimilum og öldrunarþjónustu á vegum bæjarins.